



Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 28. mars 2022
Tilv.:22031239 / GHB

Efni: Beiðni um umsögn vegna fjölgunar á atvinnuleyfum til leiguaksturs á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum.

Samgöngustofu hefur borist erindi frá Innviðaráðuneytinu þar sem óskað er umsagnar og eftir atvikum tillagna frá Samgöngustofu um hvort ástæða sé að fjölga atvinnuleyfum til aksturs leigubifreiða um allt að 200 leyfi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 134/2001, setur ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum Samgöngustofu, nánari reglur um fjölda leigubifreiða á ákveðnum svæðum að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórna. Núverandi hámarksfjöldi fyrir höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin eru 580 atvinnuleyfi, sbr. I. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um leigubifreiðar, nr. 397/2003.

Samgöngustofa óskar því eftir umsögn Reykjavíkurborgar vegna fjölgunar á atvinnuleyfum til leigubifreiðaksturs eins fljótt og auðið er eða innan 7 daga frá dagsetningu bréfs þessa.

Virðingarfyllst
Guðrún Huld Birgisdóttir
Guðrún Huld Birgisdóttir
Samgöngustofa